

Menning

Menning

Menning

Í leit að ...?

Bragi Asgeirsson opnaði málverkasýningu 25. september að Kjarvalsstöðum og sýnir þar 88 myndverk. Sýningin er opin daglega frá kl. 14-22. Síðasti sýningardagur er 10. okt.

Sérstæður listamaður

Bragi Asgeirsson hefur um langt árabil haft nokkra sérstöðu í íslensku málverki. Hann hefur ekki aðeins í listsköpun sinni notað hefðbundna tækni heldur í ljósi nýrra möguleika sett inn á myndflötinn ólíka hversdagslega hluti sem hann hefur gjarnan fundið, og eru skráðir ákveðinni reynslu og flokkast að öllum jafnaði undir drasl. Listamaðurinn notaði síðan þessa hluti til að byggja upp persónuleg, táknfræðileg kerfi. Í þessum myndum kom einnig fram fádæma þekking á ólíkum efnum og tækni sem undirstrikað hafa hans persónulega stíl.

Í tvennt

Listamaðurinn sýnir nú 88 ný myndverk að Kjarvalsstöðum. Það fyrsta sem maður tekur eftir hér á sýningunni er hve hún er sundurslitin og verkin innbyrðis ólík. En með nokkurri einföldun getum við þó sagt að sýningin skiptist í tvennt: abstraction og figúratífar myndir. Það er þó ekki að undra því listamað-



Ástríðudansinn (Tango Jalousie), 1981-82.



Fuglinn í fjörunni, 1981-82. Ljós. GBK.

urinn hefur oft þrætt einstigið milli þessara veggja myndmála. Abstraktmyndirnar hér á sýningunni bera þó fyrst og fremst vott um ákveðna leit og efnisrannsóknir hjá listamanninum. Vart getum við talað hér um neinar athyglisverðar niðurstöður; þó er vist að „slettimyndirnar“ gefa til kynna ákveðna möguleika (sérstaklega hvað varðar efni tré og sement?) sem gaman væri að sjá í stærri hlutföllum og ítarlegri úrvinnslu.

Myndlist

Gunnar B. Kvaran

Figúrir

En figúrumyndirnar aftur á móti vitna umfram allt um listræna reynslu og þekkingu. Hér teiknar Bragi konur og fugla þar sem nákvæm og skýr línan er sem andsvar við hrjúfu yfirborði flatarins. Það er sem hin tæra lína magni upp efniskennd myndarinnar og þessi hrjúfi

flötur ali af sér hina hreinu línu. Þessar myndir sýna vel hvernig listaverk njóta reynslu fyrri verka. En þýðir það þá að listamaðurinn eigi auðvelt með að skapa og framkvæma þessi verk? Í raun fær áhorfandinn það á tilfinninguna þegar hann skoðar sýningu Braga að myndirnar séu unnar átakalaust. Það virðist sem ekki sé tekist á við að umbreyta eða þvinga áfram myndmálið. Eða er það nægilegt að setja aðeins figúrir inn í ákveðið kerfi sem listamaðurinn hefur skapað? Það er því sem figúrunar skorti ákveðna umfjöllun eða úrvinnslu svo þær verði ekki eingöngu söguleg endurtekning eða laglegt handbragð. Myndirnar bera ekki í sér þá sköpunar- og endurnýjunargleði sem við finnum oft í eldri „samhrúgunarmyndum“ listamannsins. Hér eru það frekar ljóðrænar stemningar sem hafa tekið við af hinu djúpa hversdagslega táknmáli.


En biðum við, látum okkur sjá, því Bragi er eflaust einn af hæfileikameiri listamönnum hérlandis, eins og kemur skemmtilega fram, þegar hann afslappað dregur upp og lítar verkið „Ástríðudans (Tango Jalousie)“!!

GBK



Hverfisteinar

Rafdrifnir hverfisteinar 220 volt. Steinninn snýst 120 snúninga á mín. í báðar áttir. Verð kr. 1.728, — m/söluskatti. Sendum hvert á land sem er.



Ármúli 8 — 105 Reykjavík — Sími 8-5840.

VÖRUFLUTNINGA-ÞJÓNUSTA

FYRIR ÖLL BYGGÐARLÖG Á SUÐUR-NESJUM



hefur flutt þjónustu sína á Vöruflutningamiðstöðina Borgartúni 21, Reykjavík. Sími 10440.

Tekið á móti pöntunum í síma 92-7071 og 92-7202.

Nú er tækifærið að eignast nýjan bíl á mjög hagstæðum greiðslukjörum

FÍAT 127 SPECIAL



er gjörbreyttur utan sem innan, en þetta er hinn frægi 3ja dyra bíll, sem hefur verið mest seldi bíll Evrópu mörg undanfarin ár og ekki að ástæðulausu. Við höfum ekki annað eftirspurn til þessa, enda hefur þessi sérstaki bíll eitt mesta endursöluverð hér á Íslandi. Nú á verði, sem enginn getur staðist, aðeins **KR. 109.500.-**

FÍAT — PANDA-bíllinn,



sem er öðruvísi, með sérstaklega frumlega innréttingu til fjölbreyttra nota t.d. sæti fyrir 5 fullorðna eða svefnpláss fyrir tvo og má líka breyta í sendiferðabíl (eða aftursætinu í barnarúm). Þú ert ekki í vanda á FÍAT PANDA. **VERÐ AÐEINS KR. 109.500.-**




FÍAT 125 P

er búin flestum þeim þægindum sem miklu dýrari bílar státa af, við bendum á vandaða innréttingu, tvöfalt hemlakerfi. Halogen ljós, rafknúna rúðusprautu, upphitaða afturrúðu og svo mætti lengi telja.

FÍAT 125 P er mikill bíll á ótrúlega hagstæðu verði.

AÐEINS KR. 99.800.-

Þú færð mikið fyrir peningana og FÍAT þjónustu í kaupbæti. Getum tekið notaða bíla upp í nýja. Verð án ryðvarnar miðað við gengi 1/10 '82.



**OPIÐ LAUGARDAG KL. 10-16
OPIÐ SUNNUDAG KL. 13-16.**



Egill Vilhjálmsson hf.

Smiðjuvegi 4 Kóp. Sími 77200 Sími 77720